

SAMÞYKKT

um búfjárhald í Kópavogsbæ.

1. gr.

Markmið bæjarstjórnar Kópavogs með samþykkt þessari er að tryggja sem best skipulag, stjórn og eftirlit með búfjárhaldi í Kópavogi, með ákvæðum um vörsluskyldu og ábyrgð allra búfjáreigenda. Umhverfisráð og garðyrkjudeild fara með framkvæmd samþykktarinnar fyrir hönd bæjarstjórnar Kópavogs.

2. gr.

Búfjárhald (alifugla, geita, hrossa, kanína, loðdýra, nautgripa, sauðfjár og svína) er óheimilt í Kópavogi nema með sérstöku leyfi bæjarstjórnar.

3. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að veita einstaklingi leyfi til að halda sauðfé með eftirfarandi skilyrðum:

- a) Umsókn um leyfi til sauðfjárhalds skal senda umhverfisráði Kópavogs sem gefur út leyfi að fenginni samþykkt bæjarráðs. Leyfi skal gefið út á nafn og er ekki framseljanlegt. Leyfi er gefið út til eins árs í senn með gildistíma frá 1. september. Endurnýjun leyfis fer fram við álagningu leyfisgjalds, byggðri á nýjustu skýrslu búfjárefntirlitsmanns, og innheimtu þess, sbr. 8. gr. Í vörslu umhverfisráðs skal vera skrá yfir alla þá sem hafa leyfi til sauðfjárhalds.
- b) Leyfi er háð því að húsakostur hafi hlotið tilskilið leyfi byggingar- og skipulagsyfirvalda.
- c) Hámarksfjöldi sauðfjár takmarkast við tíu vetrarfóðraðar kindur utan lögbýla.
- d) Vörsluskylda er allt árið og er sauðfjárhaldið að öllu leyti á ábyrgð eiganda fjáris.
- e) Leyfi er háð því að aðstaða til sauðfjárhalds og aðbúnaðar sé fullnægjandi, þ.e. húsakostur, geymsla fódurs og taðs, vörsluhólf, fóðrun og önnur umhirða.

4. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að veita einstaklingi leyfi til aðhalda hross á lögbýlum eða í skipulögðum hesthúsahverfum með eftirfarandi skilyrðum:

- a) Umsókn um leyfi til hrossahalds skal senda umhverfisráði Kópavogs sem gefur út leyfi að fenginni samþykkt bæjarráðs. Leyfi skal gefið út á nafn og er ekki framseljanlegt. Leyfi er gefið út til eins árs í senn með gildistíma frá 1. september. Endurnýjun leyfis fer fram við álagningu leyfisgjalds, byggðri á nýjustu skýrslu búfjárefntirlitsmanns, og innheimtu þess, sbr. 8. gr. Í vörslu umhverfisráðs skal vera skrá yfir alla þá sem hafa leyfi til hrossahalds.
- b) Hrossafjöldi fer eftir stærð einstakra hesthúsa og skipulagi hesthúsahverfa. Skipulag hesthúsahverfa skal hafa hlotið samþykki bæjarstjórnar og teikningar af einstökum hesthúsum innan hverfisins í byggingarnefnd.
- c) Vörsluskylda er allt árið og er hrossahaldið að öllu leyti á ábyrgð eiganda hrossanna.
- d) Leyfi er háð því að aðstaða til hrossahalds og aðbúnaður sé fullnægjandi, þ.e. húsakostur, geymsla fódurs og taðs, vörsluhólf, fóðrun og önnur umhirða.

5. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að veita einstaklingi leyfi til að halda annan búfénað en sauðfé og hross með eftirfarandi skilyrðum:

- a) Umsókn er greini tegund búfenaðar, skal senda umhverfisráði Kópavogs, sem gefur út leyfi að fenginni samþykkt bæjarráðs. Leyfi skal gefið út á nafn og er ekki framseljanlegt. Leyfið er gefið út til eins árs í senn með gildistíma frá 1. september. Endurnýjun leyfis fer fram við álagningu leyfisgjalds, byggðri á nýjstu skýrslu búfjáreftirlitsmanns, og innheimtu þess, sbr. 8. gr. Í vörslu umhverfisráðs skal vera skrá yfir alla þá sem hafa leyfi til búfjárhalds.
- b) Leyfi er háð því að húsakostur hafi hlotið tilskilið leyfi byggingar- og skipulagsyfirvalda.
- c) Heimilt er að takamarka leyfi við ákveðinn fjölda búfjár.
- d) Vörsluskylda er allt árið og er búfjárhaldið að öllu leyti á ábyrgð eigenda.
- e) Leyfi er háð því að aðstaða til búfjárhalds og aðbúnaður sé fullnægjandi, þ.e. húsakostur, geymsla fóðurs og úrgangs, vörslu, fóðrun og önnur umhirda.

6. gr.

Lausaganga er óheimil á öllum tímum í lögsagnarumdæmi Kópavogs neðan hinnar samfelldu vörslugirðingar höfuðborgarsvæðisins sem liggur frá sjó norðan Straumsvíkur, um Kaldársel, ofan Heiðmerkur, um Selfjall, Elliðakotsheiði, Miðdalsheiði og Seljadal í Mosfellsdal ofanverðan, að Leirvogsa og út Esjuhlíðar allt til hreppamarka við Kiðafellsá. Telst land ofan girðingarinnar til afréttar og um fjallskil þar fer eftir fjallskilasamþykkt nr. 304/1988.

Upprekstur hrossa í afréttinn er bannaður. Sauðfé má flytja til sumarþeirar upp fyrir vörslugirðingu höfuðborgarsvæðisins þegar gróður og aðstæður leyfa á vorin, að mati sérfróðra manna sem umhverfisráð kveður til. Neðan vörslugirðingar skal allt búfé í Kópavogi vera í vörslu. Skal uppsetning og viðhald girðingarhólfa þar vera á kostnað og ábyrgð viðkomandi búfjáreigenda.

7. gr.

Fylgi leyfishafi ekki settum reglum um aðbúnað og meðferð búfjárens má afturkalla leyfi til búfjárhalds að undangegninni aðvörum.

Hvern þann búfenað sem sleppur úr vörslu skal taka hvar sem til hans næst og færa í örugga vörslu, sem búfjáreftirlitsmaður sér um. Eiganda skal tilkynnt um gripi sína og gert að sækja þá og greiða áfallinn kostnað, svo sem tjón og kostnað við handsömun. Hafi eigandi ekki hirt um að sækja gripi sína eða greiða áfallinn kostnað innan tíu daga, er heimilt að svipta viðkomandi leyfi til búfjárhalds í Kópavogi. Við ítrekað brot á þessum reglum missir leyfishafi rétt til búfjárhalds og verður gripum jafnframt ráðstafað í samræmi við 11. gr. laga um búfjárhald nr. 46/1991.

8. gr.

Til að framfylgja samþykkt þessari skal Kópavogsbær ráða búfjáreftirlitsmann sem annast eftirlit með húsakosti, ásetningi búfjár, aðbúnaði, fóðrun, hirðingu og vörslu bæjarlandsins neðan vörslugirðingar höfuðborgarsvæðisins. Auk forðagæslu og vörslu lands skal búfjáreftirlitsmaður halda skrá um búfjáreigendur og fjölda búfjár af einstökum tegundum.

Heimilt er að innheimta leyfisgjald af búfé utan lögbýla til að standa undir kostnaði við forðagæslu og búfjáreftirlit. Skiptist það í grunngjald og gjald fyrir fjölda búfjár hvers leyfishafa. Landbúnaðarráðherra gefur út gjaldskrá fyrir leyfisgjöld.

9. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum eða fangelsi ef miklar sakir eru. Með mál út af brotum skal fara að hætti opinberra mála.

10. gr.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Kópavogsbæjar, staðfestist hér með samkvæmt lögum um búfjárhald nr. 46 25. mars 1991, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 65 23. mars 1965 um búfjárhald í Kópavogi.

Landbúnaðarráðuneytið, 26. ágúst 1992.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um vöruhappdrætti Sambands íslenskra
berklasjúklinga nr. 372 25. október 1976 með síðari breytingum.**

1. gr.

1. mgr. 6. gr. orðist svo:

Vinningar í happdrættinu skulu eigi vera færri en svo, að að minnsta kosti fjórði hver miði hljóti vinning árlega að meðaltali, og skal heildarverðmæti vinninga nema að minnsta kosti 50% af söluverði í öllum 12 flokkum.

2. gr.

Við 6. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Stjórn happdrættisins er heimilt að kveða svo á í vinningaskrá að falli fyrsti vinningur í flokki á óseldan miða leggist hann við fyrsta vinning í næsta flokki og þannig áfram uns fyrsti vinningur í flokki fellur á seldan miða. Gildir slíkur flutningur fyrsta vinnings einnig í 12. flokki þannig að hann flyst til 1. flokks á næsta happdrættisári.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra berklasjúklinga nr. 18 22. apríl 1959, sbr. lög nr. 52/1976, lög nr. 115/1984 og lög nr. 24/1989, öðlast gildi 1. janúar 1993.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 27. ágúst 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Jón Thors.